

## Glerárskóli

Afhending 2020/50

Árið 1908 var fyrsta skólahúsið í Glerárþorpi byggt, Ós við Óseyri. Þar var ein kennslustofa og voru nemendurnir 18. Fyrsti skólastjóri skólans var Pétur Finnbogason en hann gegndi því embætti til 1938.

Árið 1937 var skólastarf skólans flutt í Árholt, húsnæði sem byggt var á Melgerðisási. Þar voru 3 skólastofur og nemendur í kringum 100. Árið 1960 var byggt við Árholt og rúmaði viðbyggingin eina kennslustofu, kennarastofu, geymslu og snyrtingar.

Árið 1971 var fyrsta skóflustungan að nýju húsnæði fyrir skólann tekin, aðeins fyrir norðan og vestan Árholt. Árið 1972 var fyrsta álma hússins tilbúin og önnur álma árið eftir. Árið 1996 var svo þriðja álma hússins tekin í notkun en þar er bókasafn, kennarastofur og skrifstofur skólastjórnenda.

Árið 1977 var íþróttahús skólans tekið í notkun og árið 1988 var hafist handa við byggingu sundlaugar við Glerárskóla. Byrjað var að kenna sund í lauginni í janúar 1990 og stuttu eftir það var hún opnuð fyrir almenning.

Árið 2019 var ráðist í töluverðar endurbætur á húsnæði Glerárskóla og voru B-álman og íþróttahúsið endurnýjuð að innan.

Skólastjórar:

Pétur Finnbogason 1908 – 1938

Haraldur Vilhjálmsson 1938 – 1946

Hjörtur L. Jóhannesson 1946 – 1967

Vilberg Alexandersson 1967 – 2002

Úlfar Björnsson 2002 – 2011

Eyrún Halla Skúladóttir 2011 –

Afhendingin barst frá Elínu Döggu Guðjónsdóttur, skjalastjóra Akureyrarbæjar. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 2011/27, 2018/7 og 2020/3.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri.

8. mars 2020

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

## Geymsluskrá

2020 / 50

---

BB	1	1	1973 - 1997	Aðsend bréf og skjöl til skólastjóra m.a. varðandi tilboð í kaup á vöru og þjónustu; gögn varðandi innkaupasamninga, þjónustusamninga og Hitaveitu Akureyrar; upprættir og teikningar af Gagnfræðiskóla Akureyrar, Barnaskóla Akureyrar og Lundarskóla; starfslýsing húsvarðar; skýrsla um Oddeyrarskóla (bygginguna sjálfa); reglur um skólatannlækningar; samanburðarblað á meðalgildi stiga í prófgreinum samræmds grunnskólaprófs 1982; áætlanir um fjölda skólabarna í Síðuhverfi og á Akureyr; úthlutun frá Námsgagnastofnun; könnun frá skipulagsdeild Akureyrar; bréf frá sálfræðideild skóla á Norðurlandi; bréf varðandi sérkennsludeild í Lundarskóla; bréf frá tæknideild; spurningar til skólanefndar frá skólabörnum ásamt greinargerð og skýrslu um
----	---	---	-------------	--